

Fundur settur kl. 20.00 á sal skólans, 10 mættir auk stjórnar.

Fundarstjóri: Kristín Þóra Möller, formaður FFA

Dagskrá:

1. **Skýrsla stjórnar.** Farið var yfir það sem félagið gerði á skólaárinu 2022-2023. Dagskrá og styrkir með hefðbundnu sniði. Stefnt er að því að halda hefðbundið jólaföndur í lok nóvember frekar en í byrjun desember.
2. **Skýrsla gjaldkera.** Farið yfir helstu kostnaðarliði og uppgjör reikninga félagsins sem hlotið hafði samþykki skoðunarmanns reikninga fyrir fundinn. Félagið hóf starfsárið með rúmlega 130.000 kr. og eyddi tæplega 300.000 kr. í fræðslu og fasta liði. Staðan er góð í upphafi nýs skólaárs en félagið á rúmlega 300.000 kr. í upphafi starfsársins. Skýrsla stjórnar og skýrsla gjaldkera samþykkt einróma af viðstöddum.
3. **Lagabreytingar.** Minniháttar tillögur á orðalagi í lögum félagsins lagðar til af stjórn félagsins og samþykktar á fundinum.
4. **Kosning stjórnar.** Sitjandi stjórn bauð sig fram til áframhaldandi starfa og fagnar einum nýjum meðlimi, Sigrúnu Óskarsdóttur sem lét vita af sér fyrir fundinn. Enginn mótframboð bárust fyrir fund né meðal viðstaddra þannig stjórnin hlaut áframhaldandi kosningu.
5. **Kosning fulltrúa í skólaráð.** Borghildur Ýr Þórðardóttir og Eybjörg Helga Daníelsdóttir sitjandi fulltrúar í skólaráði komust hvorugar á fundinn en sitja báðar áfram með samþykki fundarins.
6. **Kosning skoðunarmanns reikninga.** Einar Þór Guðmundsson skoðunarmaður reikninga var fjarverandi á fundinum en bauð sig áfram fram og var sjálfkrafa endurkjörinn.
7. **Ákvörðun árgjalds.** Ákveðið var að hækka árgjaldið úr 2500kr. í 2.750 kr. Tillögur um að setja hlutfall tekna félagsins í gjafasjóð sem ætlaður er fyrir stórafmæli skólans fengu góðar undirtektir og í ljósi þess réttlætanlegt að hækka gjaldið hóflega. Hækkun einróma samþykkt.
8. **Önnur mál:**
 - Óskað eftir hugmyndum að fræðslu fyrir nemendur og foreldra. Engar tillögur ræddar sérstaklega. Viðstaddir hvattir til senda hugmyndir í tölvupósti.
 - Umræða tekin um símalausan skóla og viðstaddir sammála um að mikilvægt að fá eldri nemendur í lið með stjórnendum og starfsfólki með símalausri viku og fá þá til að taka þátt í þeirri ákvörðun ef tilraunin reynist vel. Mikilvægt að heimili og skóli vinni vel saman ef til þess kemur.

Fundi slitið kl. 20.40